

## 11. gr.

87

Honum ber að sætta sig við breytingar, er gjörðar kunna að verða á þess erindisbrjefi eða viðbætur við það.

## 12. gr.

Spítalastjórnin getur vikið honum frá með 3 mánaða fyrirvara. Hann getur og sagt upp starfa sínum með sama fyrirvara.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

88

um breyting á yfirsetukvennaumdæmum í Suðurmúlasýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu verða yfirsetukvennaumdæmin í Suður-múlasýslu hjer eftir þessi:

1. Álftafjarðarumdæmi: Álftafjörður frá Lónsheiði að Melrakknesi
2. Djúpavogarumdæmi: Hamarsdalur frá Melrakknesi og Hálsþinghá.
3. Berunessumdæmi: Berunesshreppur.
4. Breiðdalsumdæmi: Breiðdalur frá Strúti að Hvalnesskriðum.
5. Stöðvarfjarðarumdæmi: Stöðvarfjörður frá Hvalnesskriðum að Gvendarnesi, að þeim bæ meðtöldum.
6. Fáskrúðsfjarðarumdæmi: Fáskrúðsfjörður frá Hafnarnesi að Kolfreyjustað að þeim bæ meðtöldum.
7. Reyðarfjarðarumdæmi: Frá Berunesi að þeim bæ meðtöldum að Hólmahálsi.
8. Eskifjarðarumdæmi: Frá Hólmahálsi kringum Eskifjörð að Hrafná.
9. Vöðlavíkurumdæmi: Útsveit beggja megin Reyðarfjarðar frá Vattarnesi að Þernunesi, að báðum þeim bæjum meðtöldum, og frá Hrafná norðan megin Reyðarfjarðar að Vöðlavík og Vöðlavík öll.
10. Norðfjarðarumdæmi: Norðfjarðarhreppur.
11. Mjóafjarðarumdæmi. Mjóafjarðarhreppur.
12. Skriðdalsumdæmi: Skriðdalshreppur.
13. Vallauumdæmi: Vallahreppur.
14. Eiðauumdæmi: Eiðahreppur.

Skrifstofu Austuramtsins.

Akureyri, 25. júlí 1898.

*Páll Briem.*